



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA UM AÐKOMU KENNARA AÐ MÁLEFNUM SKÓLA

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 fagnar yfirlýsingum Mennta- og menningarmálaráðherra um mikilvægi þess að skólasamfélagið sé virkur þátttakandi í stefnumótun um málefni skóla. Einnig hefur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar unnið að framtíðarsýn í skólamálum til 2030 í samstarfi við alla hagsmunaaðila.

Í kjarasamningi FG og SNS frá 2016 var bókun þar sem óskað var eftir viðræðum við Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun um hvernig staðið hefur verið að innleiðingu nýrra verkefna og breytinga í grunnskólum t.d. á námsmati og Aðalnámsskrá. Markmiðið er að bæta verklag svo grunnskólinn geti tekið við verkefnum frá ríkinu og framkvæmt þau.

Þar segir jafnframt:

Aðilar telja mikilvægt að breytingar sem gerðar eru á starfsumhverfi grunnskóla með stjórnvalds-ákvörðunum byggist á faglegum grunni og verði unnar í samráði og sátt við hagsmunaaðila og fjármagn sé tryggt vegna allra breytinga áður en þær eru innleiddar.

Vegna umróts í stjórnámálum tókst ekki að hefja vinnu við þessa bókun. Aðalfundur FG skorar á samninganefnd félagsins að beita sér fyrir því að þessi vinna fari í gang hið fyrsta og tryggja að félagið verði áfram virkur þátttakandi í umræðum um stefnumótun í menntámálum.